

1

- Starfsfólk leiðbeinir nemanda skv. Uppeldi til ábyrgðar
- Nemanda boðið að laga hegðun sína og ljúka málinu.
- Starfsmaður metur hvort haft er samband við forráðamenn eða atvik skráð á mentor.
- Verði ekki breyting á hegðun færast mál nemanda á þrep 2.

2

- Rætt við nemanda einslega í anda Uppeldi til ábyrgðar og honum einnig gert ljóst að mál hans er komið á þrep 2.
- Farið ítarlega yfir aðstæður nemanda og umhverfis hans.
- Rafræn samskiptabók í samráði við foreldra.
- Sótt um ráðgjöf lausnateymis.
- Nemanda er boðið að biðjast afsökunar á hegðun gagnvart öðrum og/eða bæta hegðun og fær þá að halda áfram í kennslustund.
- Ef nemandi hafnar að bæta hegðun eða veldur verulegri truflun fer hann til stjórnanda þar sem hann fær að jafna sig og segja sína hlið.
- Ef atvik endurtekur sig er gerð úrbótaáætlun með stjórnanda. Hún þarf að vera tímasett og samþykkt af kennara.
- Nemandi snýr ekki aftur í kennslustund fyrr en úrbótaáætlun hefur verið gerð og kynnt fyrir starfsfólki.
- Sýni nemandi ekki bættu hegðun eru forráðamenn boðaðir til fundar ásamt nemanda þar sem farið er í lausnaleit.
- **Forráðamenn og umsjónarkennarar eru alltaf upplýstir um atvik á þrepi 2 auk þess sem það er skráð í dagbók í Mentor.**

3

- Starfsmaður vísar málinu samstundis og án umræðu til skólastjórnanda sem tekur ákvörðun um farveg þess.
- Skólastjórnendur meta hvort tilkynna skuli málið til viðeigandi yfirvalda eða lögreglu.
- Skólastjórnandi hefur samband við forráðamenn svo fljótt sem auðið er, upplýsir umsjónarkennara og skráir í dagók í Mentor.
- Nemandi mætir ekki í kennslustund fyrr en fundi skólastjórnanda og forráðamanna er lokið.
- Áhersla er lögð á að vinna málið hratt og örugglega.